

71 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um landsskuldarlínun á*
 16. maí. Þjóðjörðum. — Eptir allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans, frambornum að fengnu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 16. marz þ. á., hefir hans hátign konunginum 3. þ. m. þóknast allramildilegast að samþykkja:

- 1, að leiguliðum á jörðum þeim, er landssjóður Íslands á í vesturumdæminu, verði enn í 2 ár, talin frá fardögum 1877, veitt línun sú í landsskuldargjaldi af ábýlisjörðum þeirra, að þeir greiði $\frac{5}{6}$ hluta landsskuldarinnar eptir fornu verðlagi, en $\frac{1}{6}$ í peningum eptir meðalverði allra meðalverða á ári hverju, — og
- 2, að þegar ábúandaskipti verða eptirleiðis á jörðum þessum, skuli allt eptirgjaldið ákveðið í peningum eptir meðalalin verðlagsskrár, og leigist eigi jarðirnar með þeim skilmálum, skuli umboðsmenn bera málið undir amtmann í hvert skipti og hann leggja það undir úrskurð landshöfðingja.

Jafnframt og yður er þetta tjáð, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, eruð þjer þjónustusamlega beðnir að senda ráðgjafanum skýrslu um þær ákvarðanir, er þjer gjörð samkvæmt niðurlagi síðari greinarinnar í framanskráðum úrskurði.

Þar sem þjer, herra landshöfðingi, höfðu lagt það til í fyrnefndu brjefi, að veitt yrði leiguliðum þeim, er hjer ræðir um, landsskuldarlínun í 3 ár, þannig, að greiða skyldi landskuldina um fardagaárið 1877—78 á sama hátt og að undanfögnu, en um fardaga-árin 1878—79 og 1879—80 þriðjung eða helming í peningum eptir meðalverði verðlagsskrár, en tvo þriðjunga eða helming eptir fornu verðlagi, þá er eigi látið undan falla að geta þess, að ráðgjafanum þótti ísjárvert að fallast á landsskuldarhækkun þá, er þjer stingið upp á, með því að þá væri tekið fram fyrir hina fyrirhuguðu breytingu á byggingu þjóðjarða á Íslandi, og hefði landsskuldarhækkunin átt að komast á fardagaárið 1878—79, þá hefðu hlutaðeigandi leiguliðar eigi fengið að vita af því áður en fardagaárið byrjaði. Hins vegar þótti rjettast að láta landsskuldarlínunina eigi ná nema til tveggja fardagaára, 1877—78 og 1878—79, svo að tíminn verður liðinn, þegar alþingi kemur saman næst, 1. júlí 1879, og má þá skýra þinginu frá málinu í fjárlagafrumvarpinu um árin 1880 og 1881, er það verður lagt fyrir þingið, enda eru og líkindi til, að þá muni mega leggja fyrir það frumvarp til endurbóta á byggingu þjóðjarða yfir höfuðað tala.

72 — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um prófdómendur í latnesk-*
 20. maí. um stíl. — Í heiðruðu brjefi, dagsettu í dag, hafa stiptysfirvöldin lagt undir minn úrskurð fyrirspurn frá rektor hins lærða skóla í brjefi frá 16. þ. m. um það, hvort prófsfulltrúar þeir, er skipaðir verða við próf það, er nú er fyrir höndum, samkvæmt 14. gr. skólareglugjörðar 12. júlí f. á., eigi að taka til verkefni í latneskan stíl í 4. bekk, og eiga þátt í að dæma um stíl þennan.

Út af þessu læt jeg eigi undan falla að tjá yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir rektor, að jeg er samdóma stiptysfirvöldunum um það, að prófsfulltrúunum, sem eptir 14. gr. eiga að eins að dæma um burtfararprófið, beri að eins að eiga þátt í að dæma um þær námsgreindir, er burtfararpróf á að leysa af hendi í, og verður það þá, að því er snertir aðalprófið í 4. bekk, í þeim 4 námsgreinum, er nú eru látnar heyra undir burtfararpróf skólans, og sem vitnisburðirnir fyrir eru taldir með vitnisburðunum við aðalburtfararprófið; þar á móti eiga þeir ekki að eiga neinn þátt í því að til taka verkefni í latneskan stíl nje að dæma um hann, með því að sú